Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb.
07. feb. 2018
Tilv.

Hábrún ehf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. febrúar 2018
UST201605-199/S.P.
08.12.01

**Yfirfærsla starfsleyfis**

Vísað er til erindis Glaðs ehf., kt. 420502-5320, og Hábrúnar ehf., kt. 450314-0640, dags. 25. maí 2016, þar sem óskað er eftir yfirfærslu á gildandi starfsleyfi Glaðs ehf., fyrir sjókvíaeldi í Skutulsfirði, útgefnu af heibrigðisnefnd Vestfjarða þann 12. desember 2008.

Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting á að nýr rekstraraðili hafi tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins. Með því færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Hábrúnar ehf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 12. desember 2020.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Hábrún ehf., samkvæmt 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar, nr. 535/2015 frá 1. apríl 2016, kr. 52.800. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Afrit: Matvælastofnun, Glaður ehf.